

ar. Varðar brot hennar við 15. gr., sbr. 33. gr. áfengislaganna. Refsing hennar þykir hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 80 daga. Þá greiði kærð og allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Theodórs B. Lindal, hrm., er þykja hæfilega ákveðin 50 kr.

Á málinu hefir orðið nokkur dráttur, er stafar af annriki dómans.

=====
 Miðvikudaginn 13. nóv. 1935.

Nr. 19/1935. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn

Guðna Jóni Bæringssyni
 (Eggert Claessen).

Ólöglegt áfengi í vörzlu.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 11. dez. 1934: Kærði, Guðni Jón Bæringsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir verið aflað nýrra upplýsinga í máli þessu samkvæmt úrskurði hæstaréttar frá 8. apríl þ. á.

Við leit í húsnæði kærða 1. des. f. á. fundust 125 hálfansannarspelaflöskur í salernisklefa undir stiga. Kærði kveðst að visu hafa bruggað áfengi þetta í söluskyni, en hann hefir jafnframt haldið því fram,

að bruggun þessari hafi að öllu leyti verið lokið, þegar húsleitin 23. júní f. á. fór fram, en í framhaldi af þeirri húsleit var hann dæmdur þann 29. s. m. til refsingar fyrir áfengisbruggun. Ef byggja mætti á þessari skýrslu kærða, þá yrði aðeins umtalsmál að dæma hann í þessu máli til viðbótarrefsingar eftir analogíu 65. gr. almennra hegningarlaga.

Í rannsókn sakar á hendur kærða í júní f. á. neitaði hann því fastlega, að hann hefði þá bruggað eða hefði undir höndum annað eða meira áfengi en þá hafði hjá honum fundizt. Í rannsókn þessa máls hélt hann því og upphaflega fram, að áfengi það, er fannst hjá honum 1. des. f. á., hafi allan tímann frá 23. júní f. á. og til 1. des. síðastl. verið geymt óhreyft á sama stað. Þessi skýrsla hans reyndist röng, með því að upplýst var, að ekkert ryk hafði fallið á pappa þann, er hafður var utan um flöskurnar, og að dönsku dagblaði frá 25. sept. f. á. hafði verið vafið utan um eitthvað af þeim. Ennfremur taldi kærði sig í fyrstu hafa komið af vinnuhælinu þann 8. nóv. f. á., en síðar kvaðst hann hafa komið þaðan um 20. s. m. En nú er upplýst með vottorði fangavarðar, að hann hefir verið þaðan laus látinn 7. nóv. f. á. Er ekki líklegt, að hér sé minnisbresti til að dreifa, heldur hinu, að kærður hafi séð það, að líkur fyrir því, að hann hefði getað bruggað áfengi á tímabilinu frá brottför sinni af hælinu og til 1. des. f. á. urðu því minni, sem það tímabil varð skemmra. Þá er það og ólíklegt, að umrætt áfengi hafi allan tímann frá því í júní f. á. og til 1. des. s. á. verið geymt í ólæstri salerniskompu, er notuð var að staðaldri af öðrum en skylduliði kærða. Loks hefir einn þeirra lögregluþjóna, er framkvæmdu húsleitina 23. júní f. á. borið og eiðfest það fyrir dómi.

að hann hafi bæði nokkrum dögum fyrir 23. júní f. á. og einnig þann dag leitað í salerninu, þar sem áfengið fannst 1. des., og að hvorugan þenna dag hafi nokkurt áfengi verið þar.

Að öllu þessu athuguðu verður skýrsla kærða um það, að hann hafi bruggað áfengi það, er í þessu máli greinir, fyrir 23. júní f. á. og geymt það á fyrrgreindum stað, ekki talin rétt. Hins vegar er það ekki gegn neitun kærða sannað, að hann hafi bruggað áfengi þetta á tímabilinu frá heimkomu sinni af hælínu og til 1. des. f. á., enda þótt ætla megi, að sá tími kunni að hafa nægt til bruggunarinnar. Það eitt er vist, að áfengið fannst í vörzlum kærða 1. des. f. á. Og með því að skýrslu hans um bruggun þess fyrir 23. júní f. á. verður að telja ranga, hefir hann ekki gert nægilega grein fyrir því, hvernig það er í vörzlur hans komið. Verður því að telja hann hafa með þessum hætti gerst sekan við 6. gr. laga nr. 64/1930 samkvæmt analogiu 2. málsg. 13. gr. sömu laga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin eftir 30. sbr. 14. gr. áfengislaga nr. 33/1935 2000 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 80 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku áfengis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti 80 krónur til hvors.

Það athugast, að rannsóknardómarinn hefði átt að leita álits kunnáttumanns um það, hvaða tíma gerjun og eiming áfengis taki, sbr. 1. tölul. áðurnefnds úrskurðar hæstaréttar frá 8. apríl þ. á.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Guðni Jón Bæringsson, greiði 2000 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 80 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku áfengis og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna, Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Eggerts Claesens, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðna Jóni Bæringssyni, verkamanni, Aðalstræti 11 B, hér í bænum fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64 1930.

Kærði hefir áður svo kunnugt sé sætt refsingu, sem nú skal greina:

- 1) 25. sept. 1933 dæmdur í 15 daga fangelsi og 500 króna sekt fyrir áfengisbruggun.
- 2) 2. júlí 1934 dæmdur í 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 króna sekt fyrir áfengisbruggun og áfengissölu.
- 3) 29. júní 1934 dæmdur í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 króna sekt fyrir áfengisbruggun, öll skiptin í Reykjavík.

Hinn 1. þ. m. að kvöldi gerði lögreglan húsrannsókn hjá kærða með þeim árangri, að undir stiganum, sem gengið er um til íbúðar kærða, fundust þrjár pappakassar, er höfðu inni að halda 125 hálf sannarspelaflöskur með áfengi.

Rannsóknarstofa ríkisins hefir rannsakað eitt sýnishorn af áfengi þessu, og reyndist það að áfengismagni 70% eftir rúmmáli.

Kærði hefir játað að hann hafi bruggað þetta áfengi sjálfur og ætlað það til sölu. Hinsvegar hefir hann haldið því fram, að hann hafi bruggað þetta áfengi áður en hann var dæmdur síðast og geymt það síðan, en mikið af þeim tíma hefir kærði dvalið á vinnuhælinu Litla Hrauni að taka út refsingu, og var hann kominn þaðan 10 dögum áður en húsleitinn var gerð. Við athugun, sem gerð var á umbúðum áfengisins, kom í ljós, að meðal þeirra voru nokkur blöð af danska blaðinu Politiken frá 25. september s. l. Hafði kærði í fyrstu haldið því fram, að hann hefði ekkert hreyft við áfenginu frá því í sumar, en er honum var gert kunnugt um þessi blöð, kvað hann það vel geta verið, að hann hefði eitthvað átt við það. Það verður nú ekki tekið trúanlegt, að kærði hafi geymt áfengið allan fyrrgreindan tíma, og verður þá að líta svo á, að kærði hafi bruggað áfengið eftir að hann var dæmdur síðast, og varðar það brot hans við 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 64, 1930. Þykir refsing hans með tilliti til fyrri brota hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi skal vera upptækt til ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 15. nóvember 1935.

Nr. 8/1935. **Landsbanki Íslands** (Pétur Magnússon)
gegn

Sigbirni Ármann (Jón Ásbjörnsson).

Skuldamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. jan. 1934: Stefnur, Sigbjörn Ármann skal vera sýkn af kröfum stefnandans,